

Formannafundur 14.apríl 2015 á Hvanneyri

Mætt voru: Jósef Valgarð, Birna Hauksdóttir, Eysteinn Leifsson, Sigríkur Jónsson, Jón Bjarni Þorvarðarson, Svanborg Einarsdóttir, Ólafur Sigurgeirsson, Jónas Vigfússon, Vignir Sigurðsson, Elvar Logi Friðriksson, Þorvaldur Kristjánsson, Sveinn Steinarsson, Magnús Jósefsson og Hallveig Fróðadóttir sem ritaði fundargerð.

Sveinn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Þorvaldur Kristjánsson fór yfir störf fagráðs. Sýningaráætlun er tilbúin og aðgengileg á heimasíðu RML www.rml.is. Nýjar reglur; um beislabúnað þar sem tungubogi og skáreim saman eru bönnuð, DNA sýni tekin úr hryssum sýnataka skráð í WF og ný viðmið í sambandi við hófalengd. Jónas spurði hvort engin sýning yrði fyrir norðan (Eyjafirði) í maí og Þorvaldur sagði að svo yrði, og þá á Akureyri og á Dalvík. Sveinn sagði að verið væri að reyna að hagræða í sýningahaldinu án þess að það kæmi niður á þjónustunni, varðandi tímasetningar kynbótasýninganna. Ólafur spurði hvort sérstök ástæða væri fyrir því að hætt væri við að seinka LM um eina viku, eins og rætt hefur verið. Þorvaldur sagði að það þurfi að passa uppá að Landsmótið sé ekki að skarast á við stórmót sem geta verið í gangi erlendis á sama tíma og því þyrfti að vinna að breyttri dagsetningu í samvinnu við FEIF. Sveinn fór yfir gæðastýringu í hrossarækt, þátttaka hefur verið líttl og verið er að skoða framhaldið. Ólafur : hugmyndin að gæðastýringu er mjög góð en hefur ekki nýst eins og til var ætlast en fékk þó fólk til að huga að sínu skýrsluhaldi. Ekki er nægur hvati fyrir þátttökunni, mætti bjóða upp á t.d. lægri sýningagjöld til að efla og auka þátttöku. Sveinn sagði að 14. aðilar væru þátttakendur en um 40 eingöngu í landnýtingarhlutanum. Umræður – ekkert spurt út í gæðavottunina þegar verið er að selja hross. Birna : kostnaðurinn gæti haft hamlandi áhrif, þar helst hár kostnaður við DNA sýnatölur og greiningar. Sigríkur : skoða þarf þetta með tilliti til búfjársamninga. Jónas spyr hvort eigendur fái sjálfir að taka DNA sýni. Vignir : flestir hrossabændur eru með hlutina í góðu lagi þó þeir séu ekki í Gæðastýringunni. Svanborg: DNA greiningar á öllum hrossunum, hverju skilar það ?. Eysteinn: beiðnir koma að utan um DNA sýni úr dauðum hryssum vegna afkvæma þeirra erlendis og þess vegna kæmi sér vel að allt væri DNA greint. Jónas: spurning að reyna að fara svipaða leið og í sauðfjárræktinni. Ólafur spyr hvort kostnaðurinn gæti orðið til þess að færri hryssur komi til dóms. Þorvaldur sagði reynt að hafa kostnað í lágmarki og verið væri að reyna að hagræða í sýningahaldinu, DNA er ekki stór hluti af heildarkostnaði þ.e. sýningagjald, tamning og þ.h. Elvar: ef DNA skilyrðin yrðu minnkuð kæmu þá ekki fleiri að sem þátttakendur. Þorvaldur telur að DNA greiningar og gæðaskýrsluhaldið ættu að hjálpa til við markaðssetningu á gæðavörunni Íslenska hestinum. Eysteinn: ef gæðastýring er kynnt ætti það að hafa jákvæð áhrif á sölu og kynningu hrossanna. – MAST sér nú um aðaleftirlitið en RML um skráningar varðandi hrossin sjálf. Jónas: stóðhestaskýrsla er nauðsynlegt og spurning að auka notkun þeirra líka. Ólafur: ef hægt er að vísa í gæðavottun þá hlýtur það að vera til bóta fyrir greinina.

Vignir spyr hvort mikið sé um rangar ættfærslur hrossa, Þorvaldur segir engar rannsóknir hafa verið gerðar. Svanborg vísar því til Þorvaldar um að skoða hægstæðustu verðin. um allan heim, í DNA greiningu og ætlar Þorvaldur að fara í að skoða það.

Sigríkur: þurfum að gera gæðastýringunni hærra undir höfði og fá fleiri þátttakendur eða að hætta þessu, flestir eru að standa sig vel. Ólafur: er ekki okkar hagur að geta kynnt hestinn sem gæðaframleiðslu og nýtt þetta sem markaðstæki.

Ólafur: í fiskinum er gæðastýring líka að kröfu kaupandans. Hvað með vottaða söluskoðun af hverju er það ekki til. Þorvaldur: þurfum að muna að við erum í samkeppni við önnur lönd sem rækta líka íslenska hestinn og við þurfum að standa okkur til að tryggja stöðu okkar í framtíðinni. Eysteinn: þurfum að byrja á að votta ætternið, uppeldið og aðbúnaðinn og með því að auka á trúverðugleikann. Birna: finnst það óásættanlegt að enn sé hægt að grunnskrá eldri hross, t.d. þegar þau fara í sláturhús, en þau dæmi eru enn að koma upp.

Kynbótamatið – Þorvaldur fór yfir fyrirhugaðar breytingar á því, klárhross sem eru ekki með skeiðgenið verði skráð með „vöntun“ á eiginleikanum en ekki með 5 eins og nú er, og verið er að skoða útfærslu á þessu. Hægt verður að birta arfgerð hrossa í WF ásamt þeim hrossum sem ljóst er að séu með skeiðgenið, án greiningar. Upplýsingar um keppnisárangur komi til útreikninga í bluppinu og þá þurfa ákveðin viðmið að vera til staðar, s.s. staðfesting á örmerki hests. Forval til dóms, þ.e. hlutfall afkvæma sem mæta til dóms verði skoðað og útreikningarnir teknir inn í bluppið, sem og hvenær þau eru að mæta til dóms, þetta gæti leitt til aukinnar þátttöku í sýningum.

Rætt um að auka samræmi milli dómara til að þetta sé trúverðugt og nýtilegt í útreikningum á kynbótamatinu.

Þorvaldur – einn aðili er með einkaleyfi á greiningu skeiðgensins og það er dýrt og gerir það að verkum að fáir hafa farið út í á láta greina þetta. Ólafur : samhengi milli byggingarlags og ganglags hrossa, ætti það að verða til þess að skoða ætti breytingar á einkunnum. Þorvaldur sagði þetta vera í skoðun varðandi heildar endurskoðun á einkunnaskalanum.

Sveinn greinir frá starfi starfshóps um þátttöku kynbótahrossa á landsmóti. Þau sem skipa starfshópinu eru Pétur Halldórsson, Herdís Einarsdóttir, Bjarni Jónasson, Siguroddur Pétursson, Ólafur Hafsteinn Einarsson, Þorvaldur Kristjánsson og Sveinn Steinarsson. Rætt um að setja ákveðin fjölda í stað lágmarkseinkunnar, Ýmislegt verið rætt innan hópsins varðandi það hvernig gera megi þátttöku kynbótahrossanna áhugaverðari. Ljóst að val kynbótahrossanna þarf að vera fyrirsjáanlegra gagnvart þeim fjölda sem nær inná mót og eins er nokkuð ljóst að fækka þarf kynbótahrossum á landsmótum. Þegar hefur verið rætt um fjöldatakmarkanir í hvern flokk og eins hefur verið rætt að hluti hrossanna verði einungis kynntur en ekki dæmdur. Frekari tillögur verða kynntar í aðdraganda aðalfundar.

Fundarferð hefur verið flutt fram til haustsins til að sá vettvangur nýtist betur m.a varðandi haustfundi aðildarfélaganna.

Með því að dæma færri hross á LM myndast meira svigrúm og það léttir dagskránnu. Ólafur: ef hætt verður að dæma t.d. eldri hrossin þá er hætt við að hápunktar mótanna tapist. Þorvaldur: fjöldi hrossa er orðinn gífurlegur og því nauðsynlegt að gera breytingar, einfaldast að setja fjöldatakmarkanir. Elstu hrossin eru líka að draga að en spurning að fækka þeim niður í kannski 10-15. Elvar: af hverju þarf að setja fjöldatakmarkanir á 4 og 5v hross ? það myndi ýta undir keppni í þeim flokkum, en sjálfsagt að hafa þau í eldri flokkunum. Er á móti því að þessi ungu hross séu margsýnd til að koma þeim inn á LM. Einkunnalágmark sé látið gilda á 2 yngstu flokkana. Sveinn: nokkuð ljóst að við þurfum að fækka hrossum á LM, eins og er þarf lítið út af að bregða til að dagskráin riðlist og á undanförunum landsmótum hefur verið lítið svigrúm ef fresta hefur þurft dagskrárlíðum.

Matarhlé

Rætt hefur verið að hefja LM á mánudegi og klára á laugardegi en engar ákvarðanir verið teknar. Fundarmönnum líst ekki á þá hugmynd að klára á laugardegi. Magnús: gestir færu frekar heim á

laugardegi ef allt klárast þá. Eysteinn: rætt hefur verið um að nýta sunnudagana til að hafa opið hús og þess vegna hefur verið rætt um að klára á laugardegi. Fundarmönnum líst betur á að mótinu ljúki á sunnudeginum. Eysteinn: Þurfum að ná að hitta LM gesti og kynnast þeim og til þess þarf að léttla dagskrá. t.d. væri hægt að auglýsa ákveðinn tíma fyrir gesti til að hitta á ræktendur og skoða etv ákveðin hross frá þeim. Svona uppákomur riðla ekki dagskrá. Vignir: Félag hrossabænda þyrfti að koma sterkt að þessu og ýta undir áhuga félagsmanna sinna. Magnús: þetta væri mun betri auglýsing en ræktunarbússýningarnar. Eysteinn: það að hitta á hross og ræktendur væri frábært fyrir gesti. Ólafur: Equitana, Skagfirðingar tóku þátt þar og auglýstu eftir þátttakendum í sínu héraði og sambærilegt dæmi mætti notfæra sér varðandi LM. Hrossaræktarsamtök ættu að kynna þennan möguleika fyrir sínum félagsmönnum. Sveinn: um að gera að ræða þennan möguleika með að mynda einn kjarna þar sem ræktendur hefðu aðstöðu og gætu verið með hross á staðnum. Formaður ætlar að tala við Sigbjörn Björnsson sem hefur verið mjög áhugasamur um að skapa vettvang þar sem Landsmótgestum gefst kostur á að hitta hrossabændur og fela honum að sjá hvað hægt verður að gera í þessa veru á næsta Landsmóti 2016.

Sláturhross : Birna ræddi aðdraganda málsins sem snýst um að brögð séu á að hross séu afhent í sláturhús án vitneskju og samþykkis skráðs eiganda. Sveinn greindi frá að þetta hafi verið rætt í fagráði og að tryggja þurfi að sláturhúsin kalli eftir formlegu umboði þegar tekið er á móti hrossum til slátrunar.

Jónas: tengt þessu er skráning á folöldum undan leiguhryssum. Eyðublöð um leigu á hryssu eru til en hnykkja þarf á því að þar komi greinilega fram hver er skráður ræktandi og hvaða uppruna á að skrá. Rætt um að breyta „slátrað“ yfir í fellt enda margir viðkvæmir fyrir orðinu.

Markaðsmál – Equitana, Sveinn fór yfir þátttöku FHB á sýningunni.

Samstarf félaga – Sveinn sagði frá því að sótt hefur verið um styrk í þróunarsjóð, til að fá utanaðkomandi aðila til að greina möguleikann á samstarfi á milli FHB, LH og FT. Kanna þarf hvaða áhrif svona samstarf geti haft í stjórnsýslulegu tilliti og gagnvart hagsmunum okkar og skyldum. Rætt hefur verið um möguleika á samstarfi í gegnum tíðina og það varð hvatinn að því að umsókn var send til þróunarsjóðs sem brást jákvætt við. Sigríkur: telur að þetta verði að skoða vel. Sveinn: búnaðargjaldið er á leið út og því er nauðsynlegt að finna tekjustofna sem og að hagræða í rekstri félagsins. Jósef: ef við ætlum að vera búgrein og innan BÍ getum við varla sameinað hagsmunafélag og búgreinafélag. Sveinn: greinir frá að við séum hvött af hálfu B.Í. til samstarfs við aðra hagsmunaaðila. Jónas spyr hvort FHB hafi einhvern ákveðinn í huga til að fá í þessa vinnu en Sveinn sagði svo ekki vera. Jónas: þurfum að fara í þessa vinnu og reyna að losa um þá spennu sem er viðloðandi í hestamenskunni, hann var þegar búinn að senda póst á formann LH um þetta. Sveinn: megin verkefni nefndra félaga eru að miklu leyti þau sömu og því þarf að skoða þennan möguleika og byrja á að greina markmið og skyldur félaganna. Stefnt er á að í haust verði tilbúin greining sem hægt verði þá að kynna fyrir félagsmönnum. Þorvaldur benti á að FEIF er rekið sem heild en þar undir eru ræktunardeild, sportdeild o.fl. sem vinna sjálfstætt og óháð.

Fundur um framtíð markaðsstarfs í samráði við Íslandsstofu – Sveinn fór yfir aðdraganda þess fundar, FHB og LH fóru á fund hjá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og fól ráðuneytið Íslandsstofu að vinna með félögunum. Hver er líklegur markhópur okkar og hvernig ætlum við að kynna hestinn fyrir þeim hópi. Markmiðið er að stækka markhópin, búið er að eyrnamerkja ákveðna upphæð í þetta verkefni. Setja þarf framtíðar markmið og stefna að samvinnu allra hestatengdra aðila. Viðbúið er að FHB

þurfti að leggja til fjármagn í framtíðinni. Stefnt er að því að halda hugmynda- / vinnufundi í maí en fundurinn í dag er kynningarfundur fyrir þetta jákvæða verkefni.

Fundi slitið kl. 15:14